

Ísafjarðarbær
Axel R. Överby
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 4. ágúst 2016
UST201607-100/B.S.
10.05.03

Efni: Fjallareiðhjólaspport - samtenging rollustíga. Umsögn


Við er til bréfs Ísafjarðarbæjar dags. 14. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um þá fyrirætlun hjólreiðamanna á Ísafirði að leggja hjólastíg frá Botnsheiði að skógræktarsvæði milli Dagverðardals og Tungudals. Hluti leiðarinnar er innan svæðis nr. 315 á náttúruminjaskrá. Fram kemur í greinargerð að framkvæmdin mun að hluta felast í því að nýta kindagötur sem hjólaleiðir.


Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin sem slík hafi ekki áhrif á náttúruverndargildi þess svæðis sem hér um ræðir eins og framkvæmdinni er lýst. Hins vegar telur stofnunin að áður en ákvörðun um lagningu slíkra stíga er tekin eigi að kanna hvernig slíkir stígar líta út í sambærilegu landi eftir áralanga notkun til að unnt sé að meta áhrif þeirra til lengri tíma.

Umhverfisstofnun telur að forðast eigi að blanda saman leiðum manna og dýra eins og gert er í umræddu erindi. Hjólreiðastígur sem verður 50-100 cm breiður, sléttaður að hluta og grjóthreinsaður telst ekki lengur kindagata að mati stofnunarinnar. Hér er verið að nýta sömu legu en ekki verið að nýta kindagötuna sem slíka. Umhverfisstofnun telur að hér eigi að fjalla um hugmyndir um að leggja hjólastíg þá leið sem sýnd er á uppdrætti óháð kindagötum sem ekki verða lengur til staðar þegar hjólastígurinn hefur verið lagður. Umhverfisstofnun telur að hér gæti skapast óheppilegt fordæmi ef ásættanlegt væri talið að nýta kindagötur sem leiðir fyrir reiðhjól eða önnur ökutæki.

Umhverfisstofnun telur að best fari á því að kindur leggi kindagötu en reiðhjólamenn leggi hjólastíga.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Svava Pétursdóttir
Lögfræðingur